

2. Stjórnarfundur

Stjórnarfundur FUM var haldinn mánudaginn 21. mars 2005 klukkan 16:30-18 í fundarherbergi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands.

Mættir voru Guðný Guðbjörnsdóttir, formaður, Amalía Björnsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Rósa Arnardóttir, Ragnar Friðrik Ólafsson og Kristjana Stella Blöndal. Á fundinn vantaði Hafþór Guðjónsson.

Á fundinum var haldið áfram með umræðu frá fyrra fundi um eftirfarandi:

Vefurinn, félagaskrá og póstlistinn. Rósa hefur tekið að sér vefstjórn fyrir félagið og hefur þegar uppfært upplýsingar um nýja stjórn.

Vitleysa virðist vera í félagaskrá þannig að í sumum tilvikum passa kennitölur og nöfn ekki saman, auk þess sem einhverjar tvískráningar eru fyrir hendi. Rósa tók að sér að laga skrána með því að nota skrá yfir greiddendur. Amalía ætlar síðan að nota félagaskrána til að yfirfara póstlistann.

Tímarit FUM

Hugmyndir um ritstjórn.

Samþykkt var tillaga frá síðasta fundi um að stjórnina skipuðu fimm aðilar og þau viðmið sem þá komu fram um að halda tengslum við HA, að fá stjórnarmenn bæði frá KHÍ og HÍ og að reyna að fá bæði fólk með þekkingu á eigindlegri og meginlegri aðferðafræði. Jafnframt þarf að hafa í huga að stjórnarmenn hafi bakgrunn úr mismunandi félagsvísindum.

Stungið var upp á nokkrum nöfnum og ritstjóra falið að ræða við fólk.

Fjármögnun

Stungið var upp á að safna styrktarlínum fyrir tímaritið og var það samþykkt. Kanna þarf hverjir voru styrktaraðilar síðasta rits. Samþykkt var að senda tímaritið til menntamálaráðuneytisins.

Ákveðið var að reyna að selja tímaritið með því að senda kynningarbréf til framhaldsnema í KHÍ og HÍ, leikskóla, og á bókasöfn grunnskóla, framhaldsskóla og fræðslumiðstöðva. Einnig þarf að athuga með nemendum HA.

Kynna þarf ritið og félagið með því að senda út fréttatilkynningar til fjölmiðla og á heimasíðum HÍ, KHÍ, HA og Kennarasambands Íslands. Guðný tók að sér að setja saman drög að kynningartextum.

Fleira ekki gert,
Kristjana Stella Blöndal